

# Klifur

Fréttablað Sjálfsbjargar, landsambands fatlaðra

Okt. 2004, 15. árgangur 3. tbl.

**Þjóðminjasafnið:**

**Aðgengi  
ábótavant**

**Allir í strætó!**

**-líka fólk í hjólastól?**

# Klifur



Fréttablað Sjálfsbjargar,  
landssambands fatlaðra.

**Ábyrgðarmaður:**  
Sigurður Einarsson.

**Útgáfunefnd:**  
Pálína Snorradóttir  
Árni Salomonsson  
Guðný Guðnadóttir  
Jón Hlöðver Áskelsson  
Örn Sigurðsson

**Skrifstofa Sjálfsbjargar, lsf.**  
Hátúni 12, 105 Reykjavík.  
Sími 550-0300, fax: 550-0399,  
tölvupóstur: mottaka@sjalfsbjorg.is

**Framkvæmdastjóri:**  
Sigurður Einarsson.

**Fjármálafulltrúi:**  
Edda S. Hólmsteinsdóttir.

**Ritari:**  
Steingerður Halldórsdóttir.

**Upplýsinga- og félagsmálafulltrúi**  
Arndís Guðmundsdóttir.

**Hönnun og umbrot:**  
Kristrún M. Heiðberg,  
heidberg@islandia.is

**Prentvinnsla:**  
Prentmet ehf.

ISSN 1670-312X



*Forsíðumyndin er af Arndísi  
Hrund Guðmarsdóttur. Viðtal við  
Ásgeir Eiríksson, framkvæmda-  
stjóra Strætó bs., er á bls. 8 í  
blaðinu. Mynd/kmh.*

## Efnisyfirlit:

### Forystugrein

- samfélag allra landsmanna 3-4

### Gott aðgengi í Orkuveitu Reykjavíkur

- viðtal við starfsmann 5-6

### Skákin er eiginlega eins og lífið sjálft

- BUSL-arinn Atli Freyr Kristjánsson 7

### Allir í strætó!

- viðtal við framkvæmdastjóra Strætó bs. 8-10

### Ferðaþjónusta fatlaðra

- óánægja með áberandi merkingar 11

### Þjóðminjasafnið

- aðgengi ábótavant 12-13

### Persónan

- Valerie Harris yfiriðjupjálfi 15

### Passing Limits

- heimsókn ungmenna frá Belgíu 16-17

### Aðgengi fyrir alla, alltaf, alls staðar

- Guðmundur Magnússon skrifar 19-20

### Bílaleigubílar fyrir hreyfihamlaða

- Budget sýnir því áhuga 22

### Krossgátan

- vinningshafar 27



12



15



7



16



11

Forystugrein:

# Samfélag allra landsmanna

Á að innleiða í stjórnarskrá eða lög bann við mismunun einstaklinga í samfélaginu á grundvelli fötlunar?

Þó að ýmis baráttumál hafi náðst fram og jafnrétti fatlaðra á við aðra landsmenn hafi vaxið síðustu áratugina miðar þó hægt í mörgum málum. Má þar nefna aðgengis- og ferlimál þar sem stöðnuð og íhaldssöm viðhorf er við að eiga á ýmsum sviðum. Ennþá einkennast viðhorf of mikið af því að fatlaðir séu „sérstakur hópur,“ sem krefjast „sérlausna“ vegna þátttöku sinnar í samfélaginu og þessum hópi þurfi að halda aðskildum frá öðrum landsmönnum. Fátt stríðir jafn mikið gegn stefnu Sjálfsbjargar. Fatlaðir eru órjúfanlegur hluti af heild samfélagsins.

Tökum dæmi um mismunun og óþarfa undirstrikun á aðskilnaði hreyfihamlaðra frá öðrum borgarbúum hjá almenningsvagnþjónustu Reykjavíkur, Strætó bs, þjónustu sem allir eiga rétt á að nota. Hér eru hreyfihamlaðir rækilega aðskildir frá meginþjónustu Strætó bs. Borgarbúar og aðrir landsmenn óháð hæð, þyngd, kynferði, trú, litarhætti, efnahag og stjórnmalaskoðun eiga rétt á að nota strætó og ferðast um í gulum strætisvögnum, sem hafa viðkomu á hinum fjölmörgu stoppi-stöðvum Strætó. Síðan koma hreyfihamlaðir, skilgreindir sem alveg „sérstakur hópur.“ Ekki gengur að þeir ferðist um í gulu almenningsvögnunum. Nei, þennan hóp landsmanna verður að auðkenna alveg sérstaklega og hafa vagnana því bláa svo ekki fari á milli mála að þar sé ekki „hinn almenni“ borgarbúi á ferð heldur hreyfihamlaður borgarbúi í „sérstökum“ vagni. Í sumum löndum eru starfræktir almenningsvagnar með rampi og aðstöðu inni í



Ragnar Gunnar Þórhallsson,  
formaður Sjálfsbjargar, landssambands  
fatlaðra, skrifar.

„Á að innleiða í stjórnarskrá eða lög á Íslandi bann við mismunun einstaklinga í samfélaginu á grundvelli fötlunar? Mitt svar er hiklaust. Að þessu skal stefnt.“

vögnunum, sem gerir borgarbúa í hjólastól kleift að ferðast í þeim almenningsvögnum, sem auðvitað eiga að vera aðgengilegir öllum. Í lok ágúst 2004 samþykkti stjórn Strætó bs. að kaupa 30 nýja almenningsvagna. Er þá ekki tækifæri fyrir Strætó bs. að feta sig fram á við inn í tuttugustu og fyrstu öldina og hafa þessa vagna aðgengilega öllum, þ.m.t. hreyfihömluðum borgarbúum?

Það eru margskonar hindranir sem

„Ennþá einkennast viðhorf of mikið af því að fatlaðir séu „sérstakur hópur,“ sem krefjast „sérlausna“ vegna þátttöku sinnar í samfélaginu og þessum hópi þurfi að halda aðskildum frá öðrum landsmönnum.“

hreyfihamlaðir standa frammi fyrir þegar samgöngutæki, hús, menntun, atvinna, þjónusta, ferðalög og allt það sem er hluti af daglegu lífi er nefnt til sögunnar. Mjög margar hindranir eru af tæknilegum ástæðum og því af manna völdum, en ekki óyfistíganleg náttúruleg mál. Okkar hlutverk hjá Sjálfsbjörg er að brjóta niður þessar hindranir. Við stöndum ekki ein í þeirri baráttu á Íslandi. Fjölmörg samtök fatlaðra í öðrum löndum hafa og vilja beita sér fyrir því að bann verði sett í lög eða stjórnarskrá viðkomandi landa við því að einstaklingum í samfélaginu sé mismunað á grundvelli fötlunar. Slík ákvæði eru komin í lög eða reglur í mörgum löndum.

European Disability Forum, EDF, eru evrópsk regnhlífarsamtök, sem starfa fyrir meira en 37 milljónir fatlaðra í Evrópu. Markmið og verkefni EDF er að tryggja fötlum þegnum Evrópu aðgang að lykilþáttum og mannréttindum í samfélaginu með því að fatlaðir taki virkan þátt í framgangi og vinnu við að ná þessum markmiðum hjá Evrópusambandinu, ESB.

Hvað er „mismunun á grundvelli fötlunar“ og hvers vegna á að berjast gegn þessari mismunun? Sýn EDF samtakanna á mismunun er alveg sú sama og fatlaðra á Íslandi.

### Fordómar

Mismunun á sér stað þegar ekki er skeytt um að fatlaðir eru fyrst og fremst manneskjur með margskonar hæfileika og full þegnréttindi í þjóðfélaginu. Það er mismunun þegar dregnar eru ótímabærar ályktanir um fatlaðan einstakling sem eingöngu eru byggðar á fötlun hans.

### Læknisfræðilega sýnin á fatlaða og hinsvegar félagslega sýnin

Gamla sýnin á fatlaða var fyrst og fremst byggð á því hvað fatlaður einstaklingur gæti ekki gert á við ófatlaðan einstakling og síðan var öll áhersla lögð á að „yfirstíga“ fötlunina, t.d. með endurhæfingu svo einstaklingurinn „passaði“ inn í okkar fastmótaða þjóðfélag. Í dag er sýn fatlaðra sú að það sé þjóðfélagið sjálft sem skapi hindranirnar. Þessi félagslega sýn horfist í augu við þá mismunun sem ýmis lög, reglur, venjur, félagslegir þættir, mannvirki og umhverfi valda í þjóðfélaginu. Gegn þessari mismunun verður að berjast með því að breyta framan- greindum orsakavöldum þannig að þarfir allra í þjóðfélaginu séu hafðar að leiðarljósi.

„Að njóta jafnréttis og vera ekki mismunað er mannréttindamál og það getur ekki talist mannréttinda- stefna að umbera hverskonar mismunun. Fólk með fötlun krefst jafnra tækifæra og aðgangs að öllum þáttum og sviðum samfélagsins.“

### Mannréttindi

Í dag er staðan sú að fötluðum er mismunað á hverjum degi á ýmsum sviðum samfélagsins, t.d. varðandi aðgang að atvinnu, menntun, samgöngutækjum, vörum og þjónustu.

Meðan þessi mismunun er við lýði geta fatlaðir ekki verið þátttakendur í frelsi, réttindum og skyldum samfélagsins að fullu. Að njóta jafnréttis og vera ekki mismunað er mannréttindamál og það getur ekki talist mannréttindastefna að umbera hverskonar mismunun. Fólk með fötlun krefst jafnra tækifæra og aðgangs að öllum þáttum og sviðum samfélagsins.

Á að innleiða í stjórnarskrá eða lög á Íslandi bann við mismunun einstaklinga í samfélaginu á grundvelli fötlunar? Mitt svar er hiklaust. Að þessu skal stefnt.

Að lokum þetta: Hvers vegna eru engir hreyfihamlaðir fréttá- og dagskrárfulur í sjónvarpi? Skora á ykkur félagsmenn Sjálfsbjargar að sækja nú um á sjónvarpsstöðvunum, þetta virðist alveg kjörið starf fyrir landsmenn í hjólastól!

## Aðgengilegir skógarstígar í Haukadalsskógi



*Haukadalsskógur skartaði sínu fegursta og veðurguðirnir „léku við hvurn sinn fingur“ þegar aðgengilegir skógarstígar voru teknir í notkun sunnudaginn 19. september s.l. Margt góðra gesta mætti við athöfnina, sem Svanur Ingvarsson formaður Sjálfsbjargar á Suðurlandi stjórnaði. Á myndinni sést Hreinn Óskarsson, skógarvörður, opna stíginn með því að saga í sundur trjágrein með dyggilegri aðstoð Svans. Ljósmynd Margret Ísaksdóttir.*

### 15. nóv. skiladagur fyrir næsta Klifur

Næsta blað Klifurs kemur út í desember næstkomandi. Þeir sem eru með efni í blaðið eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við Krístrúnu M. Heiðberg í síma: 587-4798, 898-3098, netfang: heidberg@islandia.is. Aðsent efni þarf að berast fyrir 15. nóvember.

# „Starfsmenn eru hreinlega búnir að gleyma því að ég sé í hjólastól“

-segir Þorleifur Kristmundsson sem starfar hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

**F**yrr skömmu var greint frá því í Fréttablaðinu að aðgengi hjá Orkuveitu Reykjavíkur væri ekki upp á marga fiska, t.d. væri ekki rafknúinn hurðaropnari í hringhurð í aðalinnangi hússins o.fl. Blaðamaður Klifurs fór á stúfana til að kanna málið og komst að raun um að fréttin ætti ekki við rök að styðjast.



*Þorleifur Kristmundsson í höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur. Mynd/kmh.*

„Það yrði nú allt vitlaust ef aðgengismálin væru ekki í lagi hér í húsinu,“ sagði starfsmaður í móttökuinni, aðspurður um stöðu mála. „Við erum meira að segja með starfsmann í hjólastól og hann fer hér út og inn, og um húsið eins og allir aðrir.“

Bládamaður ræddi við viðkomandi starfsmann, Þorleif Kristmundsson, sem starfað hefur hjá fyrirtækinu í tæp tuttugu ár. „Ég var fyrst niðrá Suðurlandsbraut áður en Vatnsveitan og Rafmagnsveitan voru sameinaðar í Orkuveitu Reykjavíkur. Aðgengi þar var ágætt en það er auðvitað mun betra í nýja húsinu. Ég mæti hér á morgnana áður en búíð er að opna aðaldyrnar og kemst þá inn á þremur stöðum í húsinu. Ég nota aðgangskort og þá opnast hurðirnar sjálfkrafa.“

## Lenti í bílveltu

Þorleifur, sem er í rafknúnum hjólastól, lenti í bílveltu í Ísafjarðardjúpi árið 1977 og lamaðist. Hann starfar í starfsmannhaldi Orkuveitunnar og

ar dýrari, en sterkari og endingarbetri, þannig að það margborgaði sig.“

Eins og áður sagði er ekki rafknúinn hurðaropnari á hringhurð við aðalinngang hússins. Þorleifur segir það hins vegar ekki koma að sök, vegna þess að við hlið hennar sé hurð með rafknúnum opnara. „Ég hef notað hringhurðina og það var ekkert vandamál. Það getur þó verið erfiðara fyrir þá sem eru í handknúnum stól, en þeir geta þá alltaf notað hina hurðina. Á planinu við aðalinngang hússins er reyndar halli sem getur verið erfiður fyrir þá sem eru í handknúnum stól. Mér var sagt að ekki hefði verið hægt að hafa stéttina alveg beina. Það mætti reyndar setja fláa í gangstéttarbrúna við aðalinngang hússins. Ég þyrfti að orða það við þá. Það er svona það eina sem mér dettur í hug sem mætti betur fara,“ segir Þorleifur.

Að sögn Þorleifs er búíð að laga einn af sumarbústöðum fyrirtækisins að þörfum fatlaðra. „Ég hef reyndar ekki séð hann eftir breytingarnar en ég þarf að kanna það fljótlega. Ég var búinn að útlista fyrir þeim hvernig aðstaðan þyrfti að vera; dyrnar þyrftu að vera breiðar, halli niður í baðaðstöðu á salerninu o.fl. Þannig að ég er spenntur að sjá útkomuna.“

## Umhverfið gerir fólk fatlað

Aðspurður hvað honum finnst almennt um fyrirtæki hér á landi hvað aðgengi fyrir hreyfihamlaða varðar, segir Þorleifur það upp og ofan. „Það er auðvitað í byggingareglugerðum að þessir hlutir eigi að vera í lagi, hins vegar er ekki alltaf farið

„Það taka mér allir mjög vel og það er aldrei gert að vandamáli að ég sé í hjólastól.“

segist kunna afar vel við sig.

„Ég hef ekkert út á aðgengismál fyrirtækisins að setja. Þau eru miðuð við þarfir hreyfihamlaðra og hefur vel til tekist.“ Aðspurður hvort hann hafi haft áhrif þar á, segir hann svo vera. „Byggingafulltrúi hússins leitaði oft til mín, m.a. vegna salernisaðstöðu í húsinu, þ.e. í hvaða hæð ætti að setja salernisrúllur o.fl. Ég fór inn á salernið fyrir þá til að mæla hvar væri best að staðsetja hluti. Ég benti þeim einnig á ýmislegt sem betur mætti fara. T.d. var búíð að kaupa stuðningsslá sem var alls ekki nógu góð. Ég benti þeim á hvar þeir gætu fengið aðra betri, sú var reynd-

eftir því eða þá að ekki er rétt staðið að hlutum. Aðgengismál þarf að vinna í samvinnu við hreyfihamlaða, vegna þess að þeir þekkja þessi mál til hlítar. Mér hefur hins vegar alltaf fundist mjög gott að vinna hjá Orkuveitunni. Það taka mér allir mjög vel og það er aldrei gert að vandmáli að ég sé í hjólastól. Starfsmenn eru hreinlega búnir að gleyma því að ég sé í hjólastól. Margir hreyfihamlaðir hafa einmitt kvartað yfir því að

umhverfið geri þeim erfitt fyrir, að umhverfið geri þá í raun fatlaða, sem er alls ekki nógu gott. En þegar hins vegar er staðið vel að hlutum, eins og t.d. í mínu tilfelli, þá er það ekki neitt vandamál að vera í hjólastól. Mér finnst gott að vinna hjá Orkuveitunni og mörg fyrirtæki mættu taka aðgengismálin þar sér til fyrirmyndar.“

-kmh.

# Aðgengi fyrir alla

## SJÁLFSBJÖRG

## Pökkum eftirtöldum fyrirtækjum veittan stuðning

### Reykjavík

Aðalblíkk ehf  
Vagnhöfða 19  
Aðalvík ehf  
Seiðakvísl 15  
Alefli ehf byggingaverktakar  
Þverholti 15  
Almenna verkfræðistofan hf  
Fellsmúla 26  
Arctic rafting  
Andrésbrunni 13  
Arkitektastofa Finns og Hilmars sf  
Bergstaðastræti 10  
Arkís ehf  
Skólavörðustíg 11  
Avis - Bílaleiga  
Knarrarvogi 2  
Áltak ehf  
Stórhöfða 33  
Árni Reynisson ehf  
Túngötu 5  
Barnaverndarstofa  
Borgartúni 21  
Bátar og búnaður ehf  
Barónsstíg 5  
Bending ehf  
Bæjarflöt 8f  
Betra líf ehf  
Kringlunni 8  
Betri bílar hf, bílaverkstæði  
Skeifunni 5c  
Bifreiðabyggingar sf  
Ármúla 34  
Bindir ehf  
Stangarhyl 5  
Bílahorníð Stilling ehf  
Skeifunni 11  
Bílaleigan Hertz  
Reykjavíkurlflugvelli  
Bílastillingar Björns Steffensen  
Hamarshöfða 6  
Bílastjarnan  
Bæjarflöt 10  
Björgun ehf  
Sævarhöfða 33

Blaðamannafélag Íslands  
Síðumúla 23  
Bókhaldsþjónustan Viðvík ehf  
Skeifunni 4  
Bón- og þvottastöðin ehf  
Sóltúni 3  
BP bifreiðasalan ehf  
Stórhöfða 24  
BSRB  
Grettisgötu 89  
Bændasamtök Íslands  
Bændahöllinni Hagatorgi  
Dagvist barna  
Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17  
Dún- og fiður ehf  
Laugavegi 87  
Dún- og fiðrhreinsunin  
Vatnsstíg 3  
E.T. ehf  
Klettagörðum 11  
Efling stéttarfélag  
Sætúni 1  
Endurskoðendajónustan ehf  
Skiopholti 50d  
Endurskoðunarskrifstofa  
Laugavegi 178  
Endurvinnslan hf  
Knarrarvogi 4  
Engey ehf  
Bildshöfða 16  
Fagtún ehf  
Bratarholti 8  
Fasteignafélagið Domus ehf  
Hverfisgötu 45  
Fasteignamarkaðurinn ehf  
Óðinsgötu 4  
Fasteignasalan Garður ehf  
Skiopholti 5  
Faxavélar hf  
Funahöfða 6  
Feró ehf  
Steinaseli 6  
Félagsbústaðir hf  
Hallveigarstíg 1  
Fiskbúðin Hafrún ehf  
Skiopholti 70

Fiskbúðin Hafrún ehf  
Skiopholti 70  
Fjarhitun hf  
Suðurlandsbraut 4  
Fjárfestingafélagið Gaumur ehf  
Suðurlandsbraut 48  
Fjármálaeftirlitið  
Suðurlandsbraut 32  
Fjölbrautaskólinn við Ármúla  
Ármúla 14  
Fold-fasteignasala ehf  
Laugavegi 170  
Framsóknarflokkurinn  
Hverfisgötu 33  
Framvegis-miðstöð um símenntun  
Síðumúla 6  
Fróken Júlía ehf  
Mjódd  
Fullorðinsfræðsla fatlaðra  
Borgartúni 22  
Fulltingi ehf  
Suðurlandsbraut 18  
G Hannesson Company ehf  
Borgartúni 23  
G.S. varahlutir  
Bildshöfða 14  
Gallabuxnabúðin Kringlunni  
Kringlunni 4-12  
Gallery Sautján  
Gámaþjónustan hf  
Suðarvogi 2  
Geislataekni ehf Laser-þjónustan  
Krókhálsi 5b  
Gistiheimilið Baldursbrá  
Laufásvegi 41  
Gistiheimilið Jörð  
Skólavörðustíg 13a  
Glófaxi hf  
Ármúli 42  
Gluggahreinsun Loga  
Funafold 4  
Grænn kostur  
Skólavörðustíg 8  
Guðmundur Jónasson hf  
Borgartúni 34  
Gústaf Þór Tryggvason

Tjarnargötu 10d  
Gæðafæði ehf  
Bildshöfða 14  
Hafgæði sf  
Fiskislóð 28  
Hagaskóli  
Fornhaga 1  
Hampiðjan hf  
Bildshöfða 9  
Hans Petersen hf  
Skeljanesi 1  
Harðviðarval ehf  
Krókhálsi 4  
Háskólaflöjörir ehf  
Falkagötu 2  
Hersir-ráðgjöf og þjónusta ehf  
Suðurlandsbraut 12  
Heyrnartækni ehf  
Álfheimum 74  
Hraði hf, fatahreinsun  
Ægissíðu 115  
Hrafnista, dvalarheimili aldraðra  
Hafnarfirði og Reykjavík  
Hreinsitækni ehf  
Stórhöfða 35  
Hreyfimyndasmíðjan ehf  
Garðsenda 21  
Hringsjá, starfsþjálfun fatlaðra  
Hátúni 10b  
Húsafríðunarnefnd ríkisins  
Suðurgötu 39  
Húsaklæðning ehf  
Ingólfsstræti 3  
Húseignajónustan  
Laufásvegi 2a  
Hvítlist hf  
Krókhálsi 3  
Höfðakaffi ehf  
Vagnhöfða 11  
Höfði fasteignamiðlun ehf,  
Suðurlandsbraut 20  
og Bæjarhrauni 22  
Höfuðverk ehf  
Helgugrund 1  
Hönnun hf  
Grensásvegi 1

# „Skákin er eiginlega eins og lífið sjálft.“

- segir Atli Freyr Kristjánsson, 15 ára gamall BUSL-ari, sem er að gera það gott í skákheiminum.



**A**tli Freyr Kristjánsson, 15 ára gamall BUSL-ari, er heldur betur að gera það gott í skákheiminum. Hann tók m.a. þátt í heimsmeistaramóti hreyfihamlaðra, sem haldið var í Tékklandi í júlí s.l., og lenti í 17. sæti af 24 keppendum. Einnig tók hann þátt í Norðurlandamóti í Svíþjóð, sem haldið var í febrúar s.l., þar sem hann lenti í 1.-2. sæti í sínum aldursflokki, sem er mjög góður árangur.

Atli Freyr er fæddur í Reykjavík árið 1989. Hann byrjaði ungur að tefla, aðeins sex ára gamall. „Mamma og pabbi kenndu mér. Þau kunna frekar lítið í skák og eru ekkert sérlega góðir skákmenn. Ég fór síðan í Ís-aksskóla og þar var lögð mikil áhersla á skák. Teflt var í hádeginu á hverjum degi og þaðan koma margir efnilegir skákmenn.“ Atli Freyr hefur teflt með skákfélaginu Helli í Mjódd, en þeir reka mjög öflugt unglingsstarf.

Atli Freyr fæddist með heilalömun, CP. Hann er með spelku á öðrum fæti og innlegg. Hann fer tvisvar í viku í sjúkrahjálfun, sem hann segir gera sér gott.

Þessi ungi og efnilegi skákmaður, sem er í 10. bekk í Hjallaskóla í Kópavogi, segist ekki vera farinn að spá í framhaldsnám, enda nægur tími til stefnu. Hvað svo sem hann ákveði að gera þá verði skákin alla vega áfram ofarlega á listanum hjá honum. „Ég held ég hætti aldrei að tefla. Skákin er orðin svo stór partur af lífi mínu.“ Aðspurður hvað sé svona sérstakt við skákina, segir hann það vera allt. „Skákin er flókin, maður þarf að pæla mikið í henni, vera útsjónarsamur og finna lausnir.



Hún er eiginlega eins og lífið sjálft.“

Að sögn Atla Freys eru vinir hans ekki mikið fyrir að tefla. Hann lætur það hins vegar ekki á sig fá heldur teflir við fólk hvaðanæva úr heiminum inní herberginu sínu í Kópavoginum. „Ég var svo heppinn að finna góða skáknetsíðu þar sem áhugamenn um skák tefla sín á milli. Um daginn var ég t.d. að tefla við náunga frá S-Afríku. Á síðunni er fjöldinn allur af fólki, á öllum aldri og í mismunandi styrkleikaflokkum. Hægt er að velja við hvern maður vill tefla og það getur verið mjög skemmtilegt. Þetta er góð leið til að halda sér í formi.“

*Atli Freyr hefur unnið til fjölmargra verðlauna með frammistöðu sinni í skák. Myndir/kmh.*

Atli Freyr segist að lokum vilja hvetja alla til að læra að tefla. „Skákin er skemmtileg og lærdómsrík og svo kynnist maður líka fullt af skemmtilegu fólki.“

*-kmh.*

Hér eru nokkrar slóðir á skák-síður fyrir þá sem hafa áhuga:

<http://www.CHESSCLUB.COM>

<http://www.Hellir.COM>

<http://www.skak.is>



-viðtal við Ásgeir  
Eiríksson, framkvæmda-  
stjóra Strætó bs. um  
strætó og aðgengi  
fyrir fatlaða.

---

# Allir í strætó!

## - líka fólk í hjólastól?

**A**llir í strætó var eitt sinn slagorð Strætó bs. og enn er það notað. En er strætó í raun fyrir alla? Eins og staðan er í dag geta t.d. þeir sem eru í hjólastól ekki nýtt sér strætó eins og aðrir þjóðfélagsþegnar. Strætisvagnaflo-  
tinn samanstendur nefnilega af mismunandi gerðum vagna og sumir eru það gamlir að þeir geta ekki tekið við fólki í hjólastól. Að sögn Ásgeirs Eiríkssonar, framkvæmdastjóra Strætó bs., er hins vegar verið að endurnýja strætóflotann og reiknar hann því með að strætó verði raunhæfur kostur fyrir fólk í hjólastól eftir um þrjú ár.

búinn fyrir það. Nú á sér hins vegar stað endurnýjun á strætóflotanum og nú þegar er kominn talsverður fjöldi af lággólfsbílum, sem er grundvallarforsenda þess að aðgengi sé fyrir alla. Lággólfsbíll felur í sér að ekkert þrep er upp í bílinn og gólfhæðin í svipaðri hæð og gangstéttarbrúin. Þegar bíllinn stöðvast og dyrnar opnast þá sígur bíllinn aðeins niður og þá er í raun og veru alveg beint innstí. Fyrir þá sem eru í hjólastól þarf hins vegar rampa til þess að brúa bilið, vegna þess að það er ekki hægt að ætlast til þess af bílstjóranum að hann leggi svo nálægt gangstéttarbrúninni að hjólastólinn falli ekki niður um opið á milli. Þess vegna eru nýjustu bílarnir okkar þannig útbúnir að þeir eru með útfellanlegum rampi. Það er í raun og veru bara eitt handtak sem þarf að viðhafa og þá er komið fullkomið aðgengi inn í bílinn fyrir hjólastóla.“

„Við hjá Strætó bs. höfum áhuga á að gera almenningssamgöngur að raunhæfum valkosti og þá hlýtur að koma til álita hvernig okkur gengur að sinna öllum hópum í þjóðfélaginu, jafnt þeim sem eiga auðvelt með að koma sér áleiðis og þeim sem eiga erfiðara með það. Við gerum okkur þó grein fyrir því að sumir geta alls ekki nýtt sér almennings-

samgöngur, jafnvel þótt við hefðum aðgengismál eins góð og frekast er kostur. Ýmsar leiðir eru færar til að auðvelda aðgengi að strætisvögnum og því ljóst að fyrir ákveðinn hóp fatlaðra er hægt að gera strætó að raunhæfum valkosti, sem hann hefur ekki verið fram að þessu. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst sú að bílaflo-  
ti Strætó bs. er hreinlega ekki út-



## Rampur og hjólastólafestingar

Að sögn Ásgeirs fékk Strætó bs. afhenta fjóra nýja vagna í apríl s.l. í viðskiptum sem fóru fram árið 2001. „Þá voru keyptir 17 lággólfsbílar og við vorum að fá afhenta síðustu fjóra vagnana af þeim viðskiptum. Þeir eru með útfellanlegum rampi og tveimur hjólastólafestingum. Eins og staðan er núna erum við því með 12 lággólfsbíla og 17 háflággólfsbíla. Munurinn á lággólfsbíl og háflággólfsbíl er sá að gólfið í þeim fyrrnefnda er allt lágt, en einungis fremri hluti vagnsins í þeim síðarnefnda.“

Aðspurður hvers vegna ekki séu fleiri en þessir fjórir vagnar með rampi og hjólastólafestingum, segir Ásgeir ekki kunna skýringu á því. „Sá samningur var gerður fyrir tíð Strætó bs. Framleiðendur vagnanna höfðu hins vegar samband við mig þegar að því kom að afhenda vagnana og spurðu hvort við vildum hafa þennan búnað í þeim, í ljósi þess að þetta er síðasta árið sem er undanþága frá Evrópusambandsstöðlum um að hafa ekki svona búnað í bílum. Frá og með næsta ári verður semsagt skylda að hafa búnaðinn í bílum, þannig að hann verður framvegis í öllum nýjum bílum sem við kaupum.“

Ásgeir segir mögulegt að setja viðkomandi búnað í þá vagna sem fyrir eru. Það segi þó ekki nema hálfá söguna vegna þess að ennþá séu margir gamlir vagnar með þrepum í notkun. „Við hefðum gjarnan viljað losa okkur við þá, en málið er nú ekki svo einfalt. Við erum nýbúnir að gera samning um kaup á 30 nýjum bílum, til þess að leysa af hólmi gömlu vagnana. Samningurinn kemur til framkvæmda á næstu þremur árum og þá detta 30 gamlir vagnar út á móti. Í öllum vögnunum verður rampur og hjólastólafestingar.“

Að sögn Ásgeirs er Strætó bs. ekki eitt um að reka almenningsvagna. „Strætó bs. er með þrjá verktaka sem eiga vagna og keyra á ákveðnum leiðum. Það er semsagt ekkert sjálfgefið að strætóinn á götunum sé í eigu Strætó bs. Alls eru um 110



Ásgeir Eiríksson, framkvæmdastjóri Strætó bs. Mynd/kmh.

„Við höfum haft vinnureglu sem gengur út á það að til þess að þjóna fólki í hjólastól þarf það að vera með aðstoðarmann með sér.“

strætisvagna í öllum flotanum og þar af eigum við 75 sjálfir, afgangurinn er í eigu verktaka. Í núverandi samningum Strætó bs. við verktakana, sem eru nokkuð gamlir samningar, eru ekki ákvæði um aðgengi fyrir fatlaða, en það er nokkuð sem verður skoðað þegar kemur að því að endurnýja samningana eða að bjóða þá út eftir atvikum.“

### Aðgengismál verða tekin fyrir

Ásgeir segir Strætó bs. vera ungt fyrirtæki, þrátt fyrir að þjónustan sem það veiti hafi lengi verið við lýði. „Strætó bs. var stofnað árið 2001 og þá var ráðist í heildarendurskoðun á öllum almenningssamgöngum, að samræma þær á öllu höfuðborgarsvæðinu, endurskoða leiðarkerfið, taka upp rafrænt greiðslukerfi o.fl. Þetta eru stór og umfangsmikil verkefni og það verður að viðurkennast að það hefur ekki verið ráðrúm til að móta stefnu um aðra þætti starfseminnar eins og t.d. aðgengismál. Hins vegar höfum við hjá Strætó bs. mikinn áhuga á þeim og þau verða tekin fyrir um leið og

búið er að koma þessum stóru verkefnum á koppinn. Það er margt sem verður að huga að í þessu sambandi. Hver á t.d. að fella út rampinn í vögnunum? Er það vagnstjórinn, og ef svo er, þá þarf hann að fara úr sætinu sínu þegar farþegi í hjólastól kemur, setja út rampinn, aðstoða og ganga frá aftur. Þetta tekur sinn tíma. Og hvernig ætlum við að leysa þetta á miklum álagstímum, e.t.v. með 70 farþega í vagninum, og því erfitt að komast aftur í vagninn o.fl.? Ég er ekki að segja að þetta sé ómögulegt. Við þurfum hins vegar að huga vel að þessum þáttum. En við munum að sjálfsögðu leita okkur upplýsinga og ráðgjafar um þessi mál hjá félögum okkar í öðrum löndum.“

### Verða að hafa aðstoðarmann

En hvernig er brugðist við því þegar fólk í hjólastól ætlar að nýta sér strætó og enginn rampur er í vagninum? „Við höfum haft vinnureglu sem gengur út á það að til þess að þjóna fólki í hjólastól þarf það að vera með aðstoðarmann með sér. Bæði til þess að veita þá aðstoð sem oft er nauðsynleg til að koma stólnum inn í bílinn, vegna þess að í mörgum tilfellum getur hjólastólanotandinn það ekki sjálfur. Þetta er einnig gert út frá öryggissjónarmiði vegna þess að ef engar hjólastólafestingar eru í vagninum þá verður að vera fylgdarmaður með viðkomandi til að tryggja öryggi og halda við hjólastólinn. Reyndar er ekki mikið um það að fólk í hjólastól komi í strætó. Maður getur út af fyrir sig skilið það ef það þarf alltaf að hafa aðstoðarmann með sér.“ Aðspurður hvort þeir sem séu ekki með aðstoðarmann með sér sé þá meinaður aðgangur í vagninn, segir Ásgeir svo ekki vera. „Ég vona alla vega að svo sé ekki. Auðvitað reynum við að veita þá þjónustu sem við frekast getum og að verða við þjónustubeiðnum. Hins vegar má ekki gleyma því að vagnstjórinn er ábyrgur fyrir þeim sem eru í vagninum hjá honum og menn eru auðvitað dálítið uggandi ef þeir taka inn farþega í hjólastól og það er enginn

öryggisbúnaður um borð og svo gerist eitthvað.“

### Ekki tími fyrir fatlaða?

Leiðarkerfi Strætó bs. hefur verið töluvert til umræðu og skiptar skoðanir eru um ágæti þess. Sumir vagnstjórar hafa kvartað yfir því að þeir eigi erfitt með að halda áætlun. Er staðan e.t.v. sú að þeir hafi hreinlega ekki tíma til að taka inn fólk í hjólastól? „Á ákveðnum tímum dags eigum við í erfiðleikum með að halda áætlun, ekki vegna þess að tímataflan sé knöpp, heldur vegna þess hversu umferðaralagið er mikið. Á miklum álagstímum reynum við svo að fjölga ferðum. Viðskiptavinir okkar gera auðvitað kröfu um að áætlun sé haldið og að ferðahraða sé haldið uppi. En hvað strætó og fólk í hjólastól varðar þá vil ég ekki fá þannig stöðu upp hjá mér að menn segi bara nei, við gerum þetta ekki. Minn stíll er miklu frekar sá að segja hvernig getum við í sameiningu leyst þetta viðfangsefni. Það er það sem ég meina með því að fara í stefnumótun og móta vinnureglur hvað aðgengi fyrir fatlaða varðar.“

### Raunhæft eftir þrjú ár?

Ásgeir segist vera mjög jákvæður og spenntur fyrir því að Strætó bs. þjónusti hreyfihamlaða. „Strætó bs. starfrækir einnig Ferðapjónustu fatlaðra, sem margir nýta sér. En það er auðvitað hagsmunamál, bæði fyrir okkur sem rekum þjónustuna og þá sem nýta sér hana, ef fleiri geta nýtt sér almenningsamgöngur. Ferðapjónusta fatlaðra er mun dýrari þjónusta og þess vegna er það hagur fyrir notendur og ekki síst almenna skattborgara ef fleiri viðskiptavinir ferðapjónustunnar geta nýtt sér almenningsamgöngur. Það eru ákveðin mannréttindi að geta nýtt sér almenningsamgöngur og auðvitað hlýtur það að vera hlutverk okkar hjá Strætó bs. að gera það sem við getum til þess að svo megi verða. Mér finnst alla vega áhugavert að skoða það sem valkost. Hins vegar má ekki gleyma því að það verður alltaf ákveðinn hópur sem þarf á Ferðapjónustu fatlaðra að



Útfellanlegur rampur, eins og sést á þessari mynd, og hjólastólafestingar verða framvegis í öllum nýjum vögnum sem Strætó bs. kaupir. Mynd/Strætó bs.

„Það eru ákveðin mannréttindi að geta nýtt sér almenningsamgöngur og auðvitað hlýtur það að vera hlutverk okkar hjá Strætó bs. að gera það sem við getum til þess að svo megi verða.“

halda, hvort sem okkur líkar það betur eða verr.“

Eins og fram kom í upphafi er strætó ekki raunhæfur kostur fyrir þá sem eru í hjólastól, eins og staðan er í dag. Þrátt fyrir að aðgengilegir vagnar séu í umferð er aldrei að vita hvenær og hvar þeir eru í notkun. Fólk í hjólastól verður því að hringja og afla sér upplýsinga um það áður en haldið er af stað. En hvað telur Ásgeir vera langt í það að strætó verði raunhæfur kostur fyrir þennan hóp fólks? „Af þessum 75 bílum sem Strætó bs. á í dag, þá eru 46 bílar ennþá með háu gólfi. Við fáum 30 nýja vagna afhenta á næstu þremur árum, þannig að samkvæmt því verða ennþá 16 bílar með háu gólfi. Að þremur árum liðnu verður þetta því orðið býsna raunhæft vegna þess að þá munum við væntanlega eingöngu nota gömlu hággólfsbílana sem varabíla.“

### Gott aðgengi nýtist öllum

Aðspurður hvort Íslendingar séu aftarlega á merinni hvað aðgengi fyrir fatlaða í strætó viðkemur, segir Ásgeir því miður svo vera. „Ástæðan fyrir því er einfaldlega sú að við erum með eldri bíla og höfum ekki getað endurnýjað þá jafnhvatt. Þar kemur til skortur á fjármagni. Meðalaldur bílaflota okkar er í dag um tólf ár. Elstu bílarnir eru frá 1985. Í svona rekstri er hins vegar algengt að meðalaldur bíla sé um sex ár. Fyrstu lággólfsbílarnir komu hingað til lands árið 1999. Fram að þeim tíma voru þeir ekki framleiddir. Nú orðið er hins vegar ekkert annað framleitt en lággólfsbílar. Þess má geta að í Bandaríkjunum er allt annar staðall um aðgengi í almenningsamgöngum. Þar er hreinlega skylda að hafa aðgengi fyrir fatlaða. Slíkt er hins vegar ekki upp á teningnum hér á landi, alla vega ekki enn sem komið er.“

Ásgeir segist að lokum vilja minna á það að gott aðgengi nýtist ekki eingöngu fötludum heldur fjölmörgum öðrum líka. „Lággólfsbílarnir nýtast nú þegar t.d. barnafólki og eldra fólki. Kröfur um gott aðgengi fyrir alla hafa aukist í þjóðfélaginu og við hjá Strætó bs. munum að sjálfsögðu gera okkar besta til að verða við þeim kröfum.“

-kmh.

Ferðapjónusta fatlaðra í Reykjavík:

## Óánægja með áberandi merkingar



*Hér má sjá einn af nýju bílunum hjá Ferðapjónustu fatlaðra í Reykjavík. Áberandi merkingar eru á báðum hliðum. Þar er hjólastólamerkið og svo stendur stórum stöfum Ferðapjónusta fatlaðra Reykjavík. Mynd/kmh.*

**F**yrir skömmu voru tveir nýir bílar teknir í notkun hjá Ferðapjónustu fatlaðra í Reykjavík. Bílarnir, sem eru dökkbláir á lit, eru með áberandi merkingar á báðum hliðum. Þar er hjólastólamerkið og svo stendur stórum stöfum Ferðapjónusta fatlaðra Reykjavík. Töluverðrar óánægju gætir meðal fatlaðra sem nýta sér vagnana. Þeir spyrja hvort nauðsynlegt sé að merkingarnar séu svona áberandi og hvaða tilgangi það þjóni að sérmerkja fatlaða með þessum hætti. Blaðamaður Klifurs spurði framkvæmdastjóra Strætó bs., Ásgeir Eiríksson, um þetta mál.

„Ákvörðunin um útlit bílanna var tekin hjá Ferðapjónustudeild fatlaðra hjá Strætó bs. Ástæðan fyrir því að við kusum að merkja þá svona er að ferðapjónusta fatlaðra er með sérþarfir í umferðinni. Bílstjórarnir þurfa oft og tíðum að stoppa á erfiðum stöðum til að koma farþegum úr og í bílana og þess vegna er mjög mikilvægt að þeir séu vel merktir. Síðan hafa starfsmenn okkar auðvitað þann metnað að veita góða þjónustu og

standa sig vel í sínum verkum. Þeir vilja gjarnan að það sé alveg skýrt frá hvaða sveitarfélagi bílarnir eru.“  
-En er ekki skiljanlegt að þeir sem nýta sér þessa þjónustu kæri sig kannski ekkert um að vera sérmerktir með þessum hætti? „Það er alveg fullgilt sjónarmið. En eins og ég sagði þá finnst okkur mikilvægt að bílarnir séu auðkenndir til þess að þeir geti notið sannmælis í umferðinni og fái ekki á sig sektir. Hins vegar má alltaf deila um það hvort

**Ekkert samráð  
var haft við  
samtök  
fatlaðra um  
merkingarnar!**

auðkenna eigi þá svona mikið eða lítið.“

-Var ekkert samráð haft við samtök fatlaðra hvað merkingar á bílunum varðar? „Nei, það held ég ekki.“

- Má því segja að meira tillit hafi verið tekið til bílstjóranna en farþeganna hvað merkingarnar varðar? „Nei, það vil ég nú ekki meina. Aðaltilgangurinn með merkingunum er að tryggja þessum bílum nægilega góð skilyrði í umferðinni svo þeir komist leiðar sinnar. Það er stóra málið. Ég tel að það sé ekki síst til hagsbóta fyrir þá sem nota þjónustuna, ekkert síður en fyrir bílstjóranna. Ef bílstjórarnir komast ekki með góðu móti á viðkomandi staði þá hlýtur það að varða hagsmuni þeirra sem eru að ferðast. Ég veit ekki betur en að notendur séu ánægðir með nýju ferðapjónustubílanum, alla vega hefur enginn haft samband og kvartað yfir merkingunum.“

-kmh.



Eirberg

## Þjóðminjasafnið:

## Aðgengi fyrir fatlaða ábótavant

Þjóðminjasafnið var opnað með pomp og prakt á dögnum, eftir gagngerar endurbætur, sem tekið hafa sex ár. Fulltrúar frá Sjálfsbjörg heimsóttu safnið skömmu eftir opnunina til að kanna aðgengi fyrir fatlaða. Og hvernig hefur svo til tekist?

„Aðgengismálin í safninu eru í mun verra horfi en ég hafði búist við,“ segir Guðmundur Magnússon, formaður Starfsnefndar Sjálfsbjargar Isf. um ferlimál. „Það sem ég er mest hissa á eru allar slysa-gildirnar í húsinu. Ég varð t.d. mjög undrandi að sjá bogadregnu tröppurnar þegar komið er inn í húsið. Þær eru snarbrattar og ekki fyrir hvern sem er að labba þar upp og niður. Það er í raun óskiljanlegt að þær hafi verið samþykktar. Engar merktar brúnir eru á tröppunum, þannig að þær lenda alveg saman í eina brekku, hvort sem horft er á þær ofan frá eða neðan. Þegar komið er úr lyftunni á 2. hæð er stutt í þessar snarbröttu tröppur. Ekkert handrið eða fyrirstaða er við tröppuopið, þannig að það getur verið stórhættulegt að bakka stórum rafdrifnum hjólastól út úr lyftunni. Einnig er þetta hættulegt fyrir sjóndapra sem ekki greina neina brún á stiganum. Þarna er verið að búa til slysa-gildru, algerlega að óþörfu.“

Guðmundur, sem er í hjólastól, segist strax hafa lent í erfiðleikum við inngang hússins vegna þröskulds sem þar er. „Samkvæmt byggingareglugerðum má þröskuldur ekki vera hærri en 1,5 cm, en við-



Móttökuborðið í Þjóðminjasafninu er heldur hátt og tekur ekki mið af þörfum fólks í hjólastól eða þeirra sem eru smávaxnir. Myndir/kmh.

„Það sem ég er mest hissa á eru allar slysa-gildirnar í húsinu.“

komandi þröskuldur var 7 cm. Slíkt getur hæglega útilokað manneskju í hjólastól sem ekki hefur mikinn kraft í höndum. Aðalinnangangurinn er með rafdrifnum hurðaropnum. Hurðirnar eru hins vegar allt of hraðar og stöðvast ekki nema við töluvert átak. Þær geta auðveldlega fellt hægfaða mann, sem gengur við staf eða hækjur. Lyftan í suðurenda hússins er full grunn. Ég efast um að hægt sé að fara þar inn í stórum rafdrifnum hjólastól, hvað þá að koma þar fyrir sjúkraböru. Lyftan í norðurenda hússins er aftur á móti mun stærri.“

Að sögn Guðmundar er ekki vel staðið að uppsetningu palla og skábrauta á 2. hæð hússins. „Pallar utan um kuml og grafir eða upp í bása með sérstökum gripum mynda alls konar slysa-gildir. Pallarnir eru



Samkvæmt byggingareglugerðum má þröskuldur ekki vera hærri en 1,5 cm. Þröskuldurinn við inngang safnsins er hins vegar 7 cm!

svartir og útistandandi án handriða eða merkinga á brúnum og bjóða því hættunni heim. Skábrautirnar eru auk þess allar of brattar, ef ekkert handrið er til að draga sig upp, eða styðjast við. Sýningin á 2. hæð var mjög dimm, sem að sögn talsmanns safnsins, stafar af ljósfælni sýningu-

„...í raun hneykslanlegt að ekki skuli hafa verið staðið betur að aðgengismálum eftir allan kostnaðinn og tímamann sem endurbæturnar hafa tekið.“



„Það er í raun óskiljanlegt að þær hafi verið samþykktar,“ segir Guðmundur um stóru bogadregnu tröppurnar.

### Lá á að klippa á borðann

argripa. Slysahættan er því mun meiri en ella, ekki bara fyrir fatlaða, heldur alla gesti safnsins.

Guðmundur segir merkingum í safninu mjög ábótavant, allt frá merkingu hússins úti við götu, sérmerktum bílastæðum fyrir fatlaða, gleri í hurðum, inni í anddyri, í lyftu og við sýningargripi. Síðan sé eitt og annað sem betur megi fara. Hann segist þó verða að hrósa klappstólunum, sem séu snilldarlega hannaðir.

Guðmundur segir það í raun hneykslanlegt að ekki skuli hafa verið staðið betur að aðgengismálum

eftir allan kostnaðinn og tímamann sem endurbæturnar hafa tekið. „Þeir sem komu að framkvæmdunum hafa haft tækifæri til að ráðfæra sig við fagfólk um aðgengismál allan þennan tíma, en svo er útkoman ekki betri en raun ber vitni. Því miður liggur stundum svo á að klippa á borðann að alls konar „smátriði“ eru skilin eftir, atriði sem eru í raun afar mikilvæg. Unnið er dag og nótt við að ljúka verkinu, svo þegar búið er að klippa á borðann og starfsemin komin á fulla ferð er enginn tími til að sinna því sem látið var sitja á hakanum.

Það var semsagt heilmikið ógert þegar við vorum þarna á ferðinni. Aðalspurningin er síðan auðvitað hvort þessir hlutir verða gerðir. Við hjá Sjálfsbjörg munum að sjálf-sögðu vera vakandi yfir því.“

-kmh.

## „Mikið verið lagt upp úr góðu aðgengi fyrir fatlaða“

-segir Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður.

Það hefur verið mikill metnaður hjá Þjóðminjasafninu, arkitektum hússins og framkvæmdaraðilum að leggja áherslu á aðgengi fyrir alla. Aðalinnangangur safnsins, þar sem áður voru háar tröppur, var m.a. færður á suðurhlíð hússins til að tryggja það.

Við höfum haft samráð við Öryrkjabandalagið, Sjónstöðina, sænska ráðgjafa í aðgengismálum og fleiri aðila með það í huga að hafa gott aðgengi fyrir fatlaða eins og alla aðra gesti. Einnig höfum við haft samráð við Herdísi Storgaard frá Lýðheilsustöð hvað varðar öryggi og aðgengi barna sem og ráðgjafa úr hópi kennara af öllum skólastigum. Hins vegar er ýmislegt sem við viljum gjarnan bæta enn frekar og nú er unnið að með markvissum hætti.

Hvað sýninguna sjálfa varðar þá var lögð mikil áhersla á gott aðgengi, s.s. nægilegt rými á milli

sýningarskápa og hæð sýningar-skápa, sæti, hljóðvist og fjölmörg önnur atriði.

Blindraletur er áformað að nota á sýningunni í sambland við sérstaka leiðsögn fyrir blinda og sjónskerta. Á safninu verður boðið upp á leiðsögn fyrir heyrnarskerta sem og aðra hópa og þá í samstarfi við Öryrkjabandalagið.“

### Enn verið að laga og bæta

Að sögn Margrétar á enn eftir að laga og bæta ýmislegt enda metnaður að aðgengi verði sem best. „Safnið tók við húsinu 1. september s.l. og eins og með margar aðrar framkvæmdir eru enn nokkrir lausir endar sem verið er að keppast við að lagfæra. Sumt var ekki komið fyrstu vikuna eftir opnun, eins og t.d. merkingar, sem er verið að vinna að núna og ljúka við uppsetningu á. Aðgengi að lyftunni í suðurhluta hússins voru bara mistök sem verið er að leiðrétta og eru allir aðila sam-mála um mikilvægi þess. Þar verð-

ur sett upp handrið. Mishæðin við aðalinnganginn voru mistök í framkvæmd, sem verða leiðrétt, og verið er að lagfæra stillingar á sjálfvirkum hurðum.“

Ég lít svo á að öll þau atriði sem Guðmundur Magnússon, formaður Starfsnefndar Sjálfsbjargar Isf. um ferlimál, gerir athugasemdir við séu ýmist komin eða eru í lagfæringarferli. Hvað varðar bogadregnu tröppurnar við inngang hússins þá hefur verið óskað eftir ráðgjöf frá Öryrkjabandalaginu um hvernig eigi að merkja þær og hvaða efni sé best að nota, þannig að þær verði sem öruggastar. Þá verður bætt við handriðum eins og þörf er á. Að öðru leyti verður að vísa á lyftuna ef tröppurnar eru óaðgengilegar fyrir ákveðna hópa. Það hefur afar margt áunnist og er mikill metnaður hjá safninu að tryggja gott aðgengi fyrir alla í Þjóðminjasafninu.“

-kmh.

# Pökkum eftirtöldum fyrirtækjum veittan stuðning

<b>Reykjavík</b>	Laugarneskirkja	Tunguhálsi 3	Skilvís ehf
IMG þekkingarskópun hf	Kirkjuteigi	Ottó B. Arnar ehf	Hátúni 6a
Laugavegi 170	Legalis lögmannsstofan	Ármúla 29	Skóverslunin Bossanova
Innheimtustofnun sveitarfélaga	Lágmúla 7	Ósal ehf	Bankastræti 4
Lágmúla 9	Leiguval sf	Tangarhöfða 4	Skóverslunin Iljaskinn ehf
Internet á Íslandi Isnic	Kleppsmýrarvegi 8	Pilutjöld ehf	Háaleitisbraut 58-60
Dunhaga 5	Lilla ehf	Faxafeni 12	Slökkvilið
Intrum á Íslandi ehf	Hvamsgerði 4	Plúsmarkaðurinn	höfuðborgarsvæðisins bs
Laugavegi 97	Listasafn Hótel Holt ehf	Hátúni 18b	Skógarhlíð 14
ISS Ísland ehf	Bergstaðastræti 37	Pottþétt ehf	Smárarími ehf
Ármúla 40	Lífeyrissjóður sjómanna	Hjallalandi 30	Stórhöfða 27
Íslandsbanki hf	Þverholti 14	Prentmót ehf	Smárinn ehf
Stórhöfða 17	Lyfjadreifing ehf	Vitastíg 3	Bildshöfða 14
Íslandsbanki hf	Krókhálsi 14	Radíómiðun hf	Snyrtisetrið ehf
Háaleitisbraut 58	Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf	Grandagarði 9	Domus Medica Egilsgötu 3
Ísleifur Jónsson ehf	Vegmúla 2	Rafey ehf	Sparisjóðurinn
Bólholti 4	Lögmannsstofa Jóns	Hamrahlíð 33a	Rauðarárstíg 27
Íslensk endurskoðun	Höskuldssonar hdl.	Rafna ehf	Sprinkler pípulagnir ehf
Grensásvegi 16	Skólavörðustíg 12	Suðurlandsbraut 16	Bildshöfða 18
Íslensk getsþá sf	Lögmenn Fortis ehf	Rafmagnsveitur ríkisins	SR múr ehf
Engjavegi 6	Laugavegi 7	Rauðarárstíg 10	Hverafold 25
Íslenska auglýsingastofan	Lögmenn Klapparstíg	Rafstilling ehf	Stýring ehf
Laufásvegi 49-51	Klapparstíg 29	Dugguvogi 23	Háteigsvegi 7
Íslenska umboðssalan hf	Lögmenn Laugardal ehf	Rafeikning hf	Suzuki bílar hf
Krókhálsi 5f	Suðurlandsbraut 4a	Suðurlandsbraut 4	Skeifunni 17
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf	Lögmenn Skólavörðustíg 6b sf	Raftækniþjónusta Trausta ehf	Sveinsbakari
Bildshöfða 12	Skólavörðustíg 6b	Siðumúla 9	Arnarbakka 4-6
Ísól ehf	Lögreglustjórnin í Reykjavík	Rafvirkjaþjónustan ehf	Sviðsmyndir ehf
Ármúla 17	Hverfisgötu 115	Torfufelli 11	Skútuvogi 4
Íspólar ehf	Löndun ehf	Rannsóknarþjónustan Sýni ehf	Sökkull ehf
Grandagarði 14	Kjalarvogi 21	Lynghálsi 3	Funahöfða 9
Íþróttafélagið Fylkir	Magnús og Steingrímur ehf	Reiknistofa bankanna	Talnakönnun hf
Fylkisvegi 6	Bildshöfða 12	Kalkofnsvegi 1	Borgartúni 23
Jónshús ehf, byggingaverktakar	Matfugl ehf	Rekstrarverktak ehf	Tandur hf
Álftamýri 65	Völuteigi 2	Stórholti 1	Hesthálsi 12
Kapólska kirkjan á Íslandi	Menntamálaráðuneytið	Reykjaprent ehf	Tankahreinsun ehf
Hávallagötu 14-16	Sölvhólgötu 4	Siðumúla 14, 2. hæð	Skeljagranda 7
Kemis ehf	Miðaprentun ehf	Reykjavíkurhöfn	Tannlæknastofa Björns
Breiðhöfða 15	Vagnhöfða 7	Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17	Þorvaldssonar
Kjaran ehf	Mjólkursamsalan í Reykjavík	Rikki Chan, veitingasala	Siðumúla 25
Siðumúla 12-14	Bitruhálsi 1	Kringlunni og Smáratorgi	Tannlæknastofa Guðrúnar
Kjartan Gunnarsson	Múlabær, dagvistun aldraðra	Rimaskóli	Ólafsdóttur
Starhaga 4	Ármúla 34	Rósaríma 11	Snorrabraut 29
Klébergsskóli	Múr- og málningarþjónustan	S. M. verktakar sf, húsasmíði	Tannsmiðaverkstæðið ehf
Knattspyrnusamband Íslands	Höfn ehf	Þverási 15	Siðumúla 29
Laugardal	Réttarhálsi 2	Samhjálp	TARK Teiknistofan ehf - Arkitektar
Kólus ehf	Múrarameistarafélag Reykjavíkur	Hverfisgötu 42	Brautarholti 6
Tunguhálsi 5	Skipholti 70	Securitas hf	Teiknistofa Ingimundar
KPMG endurskoðun hf	Námsflokkar Reykjavíkur	Siðumúla 23	Sveinssonar
Borgartúni 27	Fríkirkjuvegi 1	Seðlabanki Íslands	Ingólfsstræti 3
Kraftur hf	Nonnabiti	Kalkofnsvegi 1	Teiknistofan Óðinstorgi sf
Vagnhöfða 1	Hafnarstræti 11	Seljakirkja	Óðinsgötu 7
Landbúnaðarráðuneytið	Nonni, Manni og Ydda ehf	Hagaseli 40	Teiknistofan Skólavörðustíg 28 ehf
Sölvhólgötu 7	Brautarholti 10	SÍBS	Eyjarsljóð 9
Landssamtök hjartasjúklinga	Nýja teiknistofan ehf	Siðumúla 6	Teiknivangur, teiknistofa
Siðumúla 6	Siðumúla 20	Sjómannaþingsráð	Kleppsmýrarvegi 8
Langholtskjör ehf	Oddgeir Gylfason, tannlæknir	Laugarási Hrafnistu	Tex Mex
Langholtsvegi 176	Siðumúla 28	Sjúkravörur - Remedia ehf	Langholtsvegi 89
Laugafiskur hf	Optimar Iceland	Suðurlandsbraut 52	Texti ehf
Tryggvagötu 11	Stangarhyl 6	SKF Kúlulegusalan hf	Siðumúla 23
	Orkuvirki ehf	Suðurlandsbraut 20	

# Persónan

## Nafn?

Valerie Harris.

## Atvinna?

Yfiriðjuþjálfari Sjálfbjargarheimilisins, Lektor við Háskólann á Akureyri.

## Hversu lengi unnið hjá Sjálfsbjörg?

Ég hef unnið hjá Sjálfsbjargarheimilinu í 14 ár.

## Hjúskaparstaða?

Gift Pétri Magnússyni sem starfar hjá Öryggismiðstöð Íslands.

## Áttu börn?

Nei.

## Áttu gæludýr?

Já, einn kött sem heitir Possum.

## Tómstundir?

Hef gaman af að teikna og fara í gönguferðir.

## Hvaða bíómynd sástu síðast?

Good bye Lenin.

## Hvernig tónlist hlustar þú á?

Allt frá klassík til rapps og allt þar á milli.



Valerie ásamt kettinum sínum, Possum, sem var dálítið tregur til að láta mynda sig. Mynd/kmh.

## Hvað myndir þú gera ef þú hefðir öll völd heimsins í hendi þér í einn dag?

Breyta umhverfinu til betri vegar, þannig að mengun yrði engin.

## Ertu oft í góðu skapi?

Já, alltaf.

## Hvert er mottó þitt í lífinu?

Lífið er stutt, eins gott að láta eitthvað gott af sér leiða!



Ungliðaskiptaverkefnið Passing Limits:

## Að yfirstíga takmarkanir

